
Garðabær

Velsæld í Garðabæ

Aðdragandi og verkefnistillaga

Ráðgjafar Capacent voru kallaðir á fund með fulltrúum Garðabæjar til þess að ræða frekari útfærslur á fyrsta fasa verkefnisins (sjá fyrri verkefnatillögu).

Markmið fyrsta fasans er að;

- I. Kortleggja stöðu þeirra þátta sem hafa áhrif á velsæld/heilsu íbúa Garðabæjar. Það mun gefa stýrihópi frekari upplýsingar um stöðu mála í Garðabæ til þess að vinna með í seinni fasa.

Markmið seinni fasans er að;

- II. Í seinni fasa leggjum við til að gerð verði könnun meðal íbúa Garðabæjar og fá sjónarmið hagsmunaraðila í bæjarfélaginu í tengslum við heilsufar og velferð.
- III. Að setja fram skipulagaðar og markvissar tillögur að aðgerðum til að efla, bæta heilsu, líðan og velferð íbúa Garðabæjar.

Framkvæmd verkefnis

Forsendur við framkvæmd þessa verkefnis er að bæjarskrifstofa Garðabæjar leggi til mannauð þannig að mögulegt verði að framkvæma neðangreindra verkþætti innan þess fjárhagsramma sem lagt er uppi með. Æskilegt er að þessa verkaskipting verði útfærð við fyrsta tækifæri.

Í upphafi verður myndaður stýrihópur sem er samansettur af ráðgjöfum og fulltrúum stjórnssýslu Garðabæjar og fer sá hópur með verkstjórn þessa fyrsta fasa.

Lagðar eru til eftirfarandi vörður í verkefninu:

Verkpáttur A – Skýr markhópaskipting

Ná skýrri mynd af íbúum Garðabæjar og hvernig er best að skipta þeim niður í markhópa sem unnið verður með þegar skipuleggja á aðgerðir til þess að efla, bæta heilsu og líðan íbúa Garðabæjar.

Einn ráðgjafi heldur um verkstjórnina, skipuleggur vinnu starfsfólks Garðabæjar, skilgreinir þau gögn sem kalla á eftir og heldur þrjá vinnufundi með þeim.

Ráðgjafar vinna úr þeim gögnum sem berast og útfæra ítarlega markhópagreiningu

Verkpáttur B – Greininga á stöðunni

Kortleggja núverandi framboð þeirra þátta sem efla velsæld/heilsu íbúa Garðabæjar.

Ráðgjafar eiga 2 fundi með fulltrúum Garðabæjar. Á þeim fundum eru þau gögn skilgreind sem fulltrúar Garðabæjar munu safna saman til þess að gefa sem bestu mynd af því sem í boði er fyrir íbúa Garðabæjar og styðja þeirra velsæld.

Verkpáttur C – Rýnifundir

Haldnir verða allt að tveir til fjórir rýnifundir með lykilaðilum innan Garðabæjar.

Ráðgjafar undirbúa þá rýnifundi, sjá til þess að spurningarammin sem vinna á eftir sé skýr og sé að ná fram lykilupplýsingum sem nauðsynlegar eru.

Tveir ráðgjafar verða með innlegg í upphafi rýnifundar, skipuleggja og keyra fundina með starfsfólki frá Garðabæ. Starfsfólk Garðabæjar sér um að ná niður þeirri umræðu sem á sér stað á rýnifundinum.

Lagt er uppi með að ná til neðangreindra hagsmunaaðila, en mögulega kunna þeir að verða fleiri, mun það skýrast betur eftir því sem líður á ferlinu. Ef sú staða kemur upp þá munu ráðgjafar bæta við djúpvíðtölum.

- Skólastjórar leik- og grunnskóla
- Heilsugæsla, lögregla, sálgaesla, félagsþjónusta og fleiri
- Íþrótt- og tómstundir
- Fulltrúar hagsmunaaðila eldri borgara

Verkpáttur D – Samantekt

Stutt greinargerð á niðurstöðum verkþátta A, B, og C.

Allir þrír ráðgjafarnir koma að úrvinnslunni og skrifa greinargerðina

Tillögur að næstu skrefum.

Verkefni getur hafist í byrjun 2020 og mun greinargerðin liggja fyrir vorið 2020.

Í upphafi hvers verkþátar er haldin fundur með stýrihópi þar sem farið er yfir stöðuna, hún metin og kannað hvort leita þurfi frekari upplýsinga. Fjóroði stýrihópsfundurinn er loka og skilafundur þar sem farið er yfir greinargerðina, allir þrír ráðgjafar koma á þann fund

Afurð verkefnisins:

- I. Skýr sýn á framboð þess sem í boði er í dag fyrir íbúa Garðabæjar og styður við velsæld/heilsu íbúa
- II. Mat lykilaðila á því sem í boði er og stöðumat
- III. Aukin vitund og sýnileiki á skiptingu íbúa Garðabæjar í markhópa

Póknun Capacent

Áætluð póknun án VSK fyrir verkþætti A til D eru 2. Mkr.

Samþykki

Við vonum að framangreind verkefnistillaga falli að þörfum og hagsmunum verkkaupa.

Reykjavík 27.12.2019

Virðingarfyllst

f.h. Capacent

[Nafn fjárhagslega ábyrgs ráðgjafa]

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026